

## Kaup SF1slhf. á meirihluta í Sjóvá samþykkt

Kaup SF1 á meirihluta í Sjóvá (*Sjóvá-Almennum tryggingum hf*) hafa hlotið samþykki Fjármálaeftirlits, Samkeppniseftirlits og stjórnar ESÍ (*Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf*). Þar með eru kaupin lögformlega frágengin og ný stjórn verður formlega skipuð á næsta hluthafafundi félagsins. Fulltrúar SF 1 í stjórn Sjóvá verða Ingi Jóhann Guðmundsson, Tómas Kristjánsson og Erna Gísladóttir, sem verður formaður nýrrar stjórnar.

Erna Gísladóttir: „Það er ánægjulegt að kaupin eru staðfest enda teljum við að Sjóvá sé mjög áhugavert félag með mikilvægt hlutverk í samfélaginu. Við munum vinna rösklega að því að móta fyrirtækinu nýja stefnu til að búa það sem best undir tækifæri og kröfur framtíðarinnar. Jafnframt verður lögð áhersla á Sjóvá haldi áfram að bjóða viðskiptavinum sínum trausta og góða þjónustu.“

Í mars sl. lá fyrir að SF1, félag í rekstri Stefnis hf, hafði tryggt fjármögnun á kaupum á ríflega helmingi hlutafjár Sjóvár en kaupsamningurinn var háður skilyrðum um tiltekin atriði, þ.á m. samþykki framagreiðna aðila, sem nú hafa veitt samþykki sitt. Stærstu eigendur SF1 eru Gildi Lífeyrissjóður, SVN eignafélag ehf. (félag í eigu Síldarvinnslunnar hf.), SÍA I (fagfjárfestastjóður undir stjórn rekstrarfélagsins Stefnis, en eigendur SÍA I eru meðal annars stærstu lífeyrissjóðir landsins), Frjálsi Lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 (LSR), Stapi Lífeyrissjóður og fagfjárfestastjóðurinn Stefnir ÍS-5. Aðrir eigendur SF1 eru Festa Lífeyrissjóður, EGG ehf, (í eigu Ernu Gísladóttur), Arkur ehf. (í eigu Steinunnar Jónsdóttur), Lífeyrissjóður bænda, Sigla ehf. (í eigu Tómasar Kristjánssonar og Finns Reyrs Stefánssonar) og Draupnir fjárfestingafélag (í eigu Jóns Diðriks Jónssonar). Kaupin eru að fullu fjármögnuð með eiginfjárfamlögum og fer enginn hluthafa með stærri hlut en sem svarar til 10% hlutdeildar í Sjóvá.

### Um Sjóvá

Sjóvá er alhliða váttryggingafélag með rúmlega 28% markaðshlutdeild og um 70 þúsund viðskiptavinum. Hjá félaginu starfa um 200 manns og er félagið með starfsemi um allt land. Á síðasta ári voru eigin iðgjöld Sjóvár um 10,9 milljarðar króna. Þeir aðilar sem standa að baki SF1 stefna að því að halda áfram góðum rekstri Sjóvár en fyrirhugað er að skrá fyrirtækið á hlutabréfamarkað innan fárra ára.

### Um Stefni

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 300 milljarða króna í virkri stýringu. Hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.